

## Ljóðgreining

Hér færðu 4 ljóð sem eru í fyrsta hluta bókmenntasögu, Angurværð nýrrar aldar. Öll eru ljóðin frá tímabilinu 1900–1930 en ólík mjög. Fylgdu vel fyrir mælum sem fylgja hverju ljóði úr hlaði.

**Hjálpargögn:** (1) Bókmenntasagan, *Tíminn er eins og vatnið*. (2) Ljóðgreiningarlisti sem fylgir hér aftast, (3) Ljóðamál (ef þurfa þykir), athugið að aftast í *Tíminn er eins og vatnið*, bls. 163–166, eru útskýringar á stílbrögðum. (4) Orðabók.

**Önnur hjálpargögn:** innsæi og ótakmarkaðar pælingar!

**Lengd:** lágmark ½ síða um hvert ljóð eða 2 síður.

**Letur og leturstærð:** Arial, 12 p.

**Línubil:** 1,5

**Frágangur og uppsetning skjalsins á að vera til fyrirmyndar, og munið að merkja úrlausn ykkar.**

1. Fyrsta ljóðið er eftir **Stefán frá Hvítadal**, *Hún kyssti mig*, og sver sig í ætt við hánýrómantískt ljóð, eða hvað? Að því kemstu þegar þú ert búin(n) að setja það undir mælistiku ljóðgreiningar (sjá ljóðgreiningarlista). Eftir að hafa greint ljóðið ertu tilbúin(n) að útskýra vel hvers vegna ljóðið er nýrómantískt út frá nýrómantískum einkennum þess.

### Hún kyssti mig

Heyr mitt ljúfasta lag,

þennan lífsglaða eld,

um hinn dýrlega dag

og hið draumfagra kveld.

Rauðu skarlati skryðst

hefur skógarins flos.

Varir deyjandi dags

sveipa dýrlingabros.

Ég var fögur og fár,

ég var fallinn í döf.

Ég var sjúkur og sár,

og ég sá aðeins gröf.

Hvar er forynjan Feigð

með sitt flaráða spil?

Hér kom gleðinnar guð

og það glaðnaði til.

Læddist forynjan frá  
með sinn ferlega her.  
Hún var grimmeyg og grá,  
og hún glotti við mér.  
Ég er frelsaður, Feigð,  
ég hef faðmað og kysst.  
Undir septembersól  
brosti sumarið fyrst.

Ó, þú brostir svo blítt,  
og ég brosti með þér.  
Eitthvað himneskt og hlýtt  
kom við hjartað í mér.  
Gegnum skínandi skrúð  
inn í skóginn mig þar.  
Þangað kóngsdóttir kom,  
og hún kyssti mig þar.

Ég á gæfunnar gull,  
ég á gleðinnar brag.  
Tæmi fagnaðarfull.  
Ég gat flogið í dag.  
Ég á sumar og sól,  
ég á sælunnar brunn  
og hin barnslegu bros  
og hinn blóðheita munn.

Þennan hamingjuhag  
gaf mér heit þitt og koss,  
þennan dýrlega dag,  
þú, mitt dýrasta hnoss.  
Þetta lífsglaða ljóð  
hefur lifað það eitt,  
að þú kóngsdóttir, komst,  
og þú kysstir mig heitt.

Lífs míns draumur er dýr,  
þessi dagur hann ól.  
Mér finnst heimurinn hýr  
eins og hádegissól.  
Ég er syngjandi sæll,  
eins og sjö vetra barn.  
Spinn þú, ástin mín, ein  
lífs míns örlagagarn.

2. Næst er síðasta erindi í ljóði **Huldu**, *Haukurinn*. Er það nýrómantískt ljóð eins og ljóð Stefáns frá Hvítadal? Rök. Hvað einkennir erindi Huldu? Útskýrðu erindið nákvæmt og vel efnislega og tengdu það við stöðu kvenna á þessum tíma. Gættu vel að hugblæ ljóðsins (rómantískt/angurvært/kaldranalegt/biturt/fjörlegt o.s.frv.) Hér er bráðnauðsynlegt að lesa vel í bókmenntasögunni um konur í skáldskap. Þú þarft ekki að nota hér ljóðgreiningarlistann eins og í 1. ljóði, en hafðu hann til hliðsjónar.

Ljóðafugl lítinn jeg geymi –  
hann langar að fljúga  
lengst út í ljósið og daginn  
og lífsglaðan syngja.  
Helzt vildi hann haukum þeim líkjast,  
sem hæst geta flogið.  
Fái hann ei fylgt þeim til himins,  
fljótt skal hann deyja.

3. Þriðja ljóðið væri hægt að flokka sem „öðruvísi ljóð“ á tímabili angurværðar og nýrómantíkur. Þetta er *Hatturinn* eftir **Jón Thoroddsen**. En hvað gerir þetta ljóð frábrugðið öðrum ljóðum frá þessu tímabili? Því svarar þú skýrt og skilmerkilega og rökstyður vel með mörgum dæmum. Þú þarft ekki að nota hér nákvæmlega ljóðgreiningarlistann, en hafðu hann til hliðsjónar.

Ljóðið er á bls. 53 í bókmenntasögu.

4. Fjórða og síðasta ljóðið fellur líka undir það að vera „öðruvísi“. Það er ljóð **Sigríðar Einarsdóttur** og heitir *Nótt*. Þú byrjar á því að greina það skv. ljóðgreiningarlista. Síðan svarar þú því hvers vegna það er svona frábrugðið öðrum ljóðum – ekki gleyma formi ljóðsins – og með dæmum.

Ljóðið er á bls. 52 í bókmenntasögu.

5. Hvaða ljóð höfðaði mest til þín? Rök fylgi svari.

## Ljóðgreiningarlisti:

Hér eru atriði til athugunar þegar á að rýna í ljóð í áfanganum. Sjá dæmi um greiningu á ljóðinu *Æskuást* inni á skólavefnum Myschool.

### Bygging:

**Formið** – hrynjandi, ljóðstafir, rím. Er ljóðið hefðbundið eða óhefðbundið? Er ákveðinn bragarháttur? Erindafjöldi, línur í erindi.

### Stíll:

**Sjórnarhorn** – hver er mælandi ljóðsins?

**Málnotkun** – flókið/einfalt mál, skrudmælgir, auðskiljanlegt.

**Myndmál** – beinar myndir, líkingar (myndhverfingar, viðlíkingar, persónugervingar, hlutgervingar).

**Önnur stílbrögð** – endurtekningar, andstæður, þversagnir, ýkjur, úrdráttur, vísanir, tákn o.fl. (sjá bls. 163 í *Tíminn er eins og vatnið*)

**Hugblær** – hvaða tilfinningum er lýst í kvæðinu?

### Túlkun:

**Um hvað er skáldið að yrkja?** – Rekja efnisþráðinn.

Hvaða viðhorf endurspeglar ljóðið? Hvað vill skáldið segja lesendum sínum?

Leynist ádeila í ljóðinu?